

sýkn af kröfum stefnda Torfa J. Tómassonar í máli þessu. Hinn áfrýjaði fógetaréttar-úrskurður skal úr gildi feldur. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi 50 kr., áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. nóvember 1918.

17/1918.

Tómas Tómasson
 gegn
 Sturlu Jónssyni.

D ó m u r :

Stefndi Sturla kaupmaður Jónsson í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Árnassýslu gegn áfrýjanda Tómasi bónda Tómassyni í Brattholti í Biskupstungum til viðurkenningar um löglegt framboð á 750 kr. leigu 1. sept. 1912 samkvæmt samningi um leiguréttindi yfir Gullfossi dags. 9. marz 1909, svo og til viðurkenningar á gildi nefnds leigusamnings gagnvart áfrýjanda. Lauk málinu í héraði með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 21. febr. þ. á., á þá leið að samningurinn frá 9. marz 1912 (ritvilla fyrir 1909) um leigu á Gullfossi skyldi teljast fullgildur og bindandi fyrir stefnda (Tómas Tómasson) gagnvart stefnanda (Sturlu Jónssyni), og tilboð það um greiðslu á 750 kr. — 5 ára leigu fyrir Gullfoss

eftir leigusamningnum, sem fram fór 1. sept. 1912 frá stefnanda til stefnds, teljast í alla staði löglegt og í málskostnað skyldi stefndi greiða stefnanda 100 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. apríl þ. á., og krafist þess, að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir gagnfrýjað málinu með stefnu dags. 26. júní þ. á., og krafist þess, að í staðinn fyrir orðin »9. marz 1912« í niðurlagi dómsins komi »9. marz 1909« en dómurinn verði að öðru leyti staðfestur, og sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi er eigandi jarðarinnar Brattholts í Biskupstungum og liggur land hennar að Hvítá að vestanverðu beggja megin Gullfoss, en að austanverðu land jarðarinnar Hamarsholts. Eigendur þessara jarða gjörðu 20. febr. 1909 samning við Þorleif Guðmundsson á Háeyri um leigu á Gullfossi til iðnreksturs um 150 ár frá 1. sept. 1912, en þann dag var á enda 5 ára tímabil, er landssjóður hafði fossinn á leigu samkv. samningi 31. jan. 1908. Skyldi Þorleifur greiða 300 kr. ársleigu eftir fossinn fyrstu 5 árin, og leigan öll fyrir þau ár, kr. 1500.00 greiddast í einu lagi 1. sept. 1912. Eftir það átti leigan að fara hækkandi eins og nánar er ákveðið í samningnum. Sama ár, 9. marz, gjörðu nefndir samningsaðiljar með sér nýjan samning um sama efni, en með þeirri breytingu, að ákvæði fyrri samningsins

um að landssjóði skyldi gefinn kostur á að ganga að samningunum að jöfnum kostum við aðra, ef leigurétturinn yrði framseldur, var felt burtu í seinni samningnum; svo var og breyting gjörð á ákvæði fyrri samningsins um skaðabætur fyrir samningsrof, en að öðru leyti eru samningarnir samhljóða. Hinn síðari samning frá 9 marz 1909 framseldi Þorleifur Guðmundsson 20. s. m. stefnda Sturlu Jónssyni til eignar og umráða með öllum þeim skyldum og réttindum, er honum fylgdu.

Þegar að því kom að leigan fyrir fyrstu 5 árin skyldi greiðast, eftir því sem fyr segir, eða 30. ág. 1912, kom bróðir stefnda Friðrik Jónsson kaupmaður á fund áfrýjanda að heimili hans, Brattholti, og bauð honum, að því er stefnda segist frá, í umbodi stefnda að greiða honum helming hinnar umsömdu 5 ára leigu, 750 kr., en áfrýjandi neitaði að taka við leigunni. Þessa frásögn hefir eitt vitni, Einar prófessor Arnórsson, er var í för með Friðriki í Brattholti, sannað með stefnda og ennfremur borið, að áfrýjandi hafi, er hann neitaði að taka við leigunni, lýst því yfir, að hann ætti að eins við þann mann, er hann hefði selt fossinn á leigu, og vildi eigi taka við leigunni af öðrum.

Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að Friðrik Jónsson hafi við áminst tækifæri farið fram á það, að þeir bræður mættu koma í stað Þorleifs Guðmundssonar sem leigutakar að Gullfossi eftir samningnum, en áfrýjandi hafi eigi gjört neinn kost á því, og hitt þvertekur hann fyrir, að leigugreiðsla hafi verið nefnd, því síður boðin fram.

Tveim dögum síðar, 1. sept., komu þessir sömu menn aftur að Brattholti og með þeim þriðji maður, sem og hefir borið vitni í málinu. Þeir hittu þá eigi áfrýjanda heima, en dóttir hans tók á móti þeim. Spurði Friðrik Jónsson hana hvort hún vildi taka á móti leigunni fyrir Gullfoss, en hún neitaði því og bar við hinu sama og áfrýjandi, að um þetta yrði að eins átt við þann mann, sem hefði leigt fossinn. Fóru þeir Friðrik burtu við þetta.

Varnarástæður áfrýjanda eru þær, að annaðhvort hafi hann aldrei undirskrifað skjal samhljóða samningnum 9. marz 1909, eða hann hafi verið beittur blekkingum við undirskriftina, og sé þá samningurinn ógildur gagnvart sér, að þótt hér væri um gildan samning að ræða, þá hafi meðsemjandinn eða sá, er hann framseldi rétt sinn, rofið samninginn með því að greiða eigi eða bjóða löglega fram á réttum tíma leiguna fyrir fyrstu 5 árin, svo að áfrýjanda hafi verið heimilt að skoða sig leystan frá samningnum, og það hafi hann gjört með því að neita að taka við borgun, og að eftir samningnum hefði það eigi verið löglegt framboð að bjóða áfrýjanda 750 kr., því að öll leigan, 1500 kr., hefði átt að bjóðast fram þeim báðum saman, áfrýjanda og eiganda Hamarsholts, en óheimilt hafi verið að skifta henni jafnt eins og stefndi hafi gjört.

Það verður nú eigi talinn neinn vafi á því, að áfrýjandi hafi undirskrifað samninginn 9. marz 1909; hann hefir skýrt frá því, að Þorleifur Guðmundsson hafi komið heim til sín hálfum mánuði eftir 20. febr. með nýjan leigusamning, er hann kannast við að

hafa undirskrifað, og sama hafa vitundarvottarnir að undirskift áfrýjanda borið sem vitni.

Skýrsla áfrýjanda um að hann hafi verið beittur blekkingum við undirskriftina er á þá leið, að þau ákvæði samningsins frá 20. febr., sem breytt var með samningnum frá 9. marz, hafi verið sér aðalatriði, en Þorleifur Guðmundsson hafi sagt sér að samningurinn frá 9. marz væri nákvæmlega sama efnis og hinn fyrri samningur, og ekki annað en eftirrit af honum, og í því trausti hafi hann undirritað síðari samninginn. Til stuðnings þessari skýrslu hefir áfrýjandi leitt tvö vitni, er hlýddu á viðtal hans og Þorleifs um Gullfoss-samninginn; hafa vitni þessi borið að Þorleifur hafi spurt áfrýjanda, hvort hann vildi lesa skjalið, en áfrýjandi þá spurt Þorleif hvort það væri eigi alveg eða nákvæmlega samhljóða skjali því eða samningi, er hann hefði áður undirritað, og hafi Þorleifur kveðið já við því. Vitnin hafa þó eigi getað upplýst, hvort áfrýjandi, er hann nefndi skjal eða samning, er hann hefði áður undirritað, átt við samninginn 20. febrúar eða samrit, er hann hefði áður undirritað af samningnum 9. marz, eins og stefndi heldur fram. Hins vegar hafa vitundarvottarnir borið það, að þá minni að samningurinn hafi verið lesinn upp; hafi áfrýjandi ekkert haft við hann að athuga eða lýst neinni óánægju yfir honum, og hafi þeir ekki orðið þess varir, að hann væri neinum brögðum beittur við samningsgjörðina; annar vitundarvotturinn hefir og tekið það fram að það sé víst, að boðið hafi verið að lesa upp skjalið, og að rætt hafi verið um breytingu samninganna.

Það er eftir þessu ósannað, að áfrýjandi hafi verið tældur til að rita undir síðari samninginn, enda var það á hans valdi að kynna sér hann áður en hann ritaði undir hann. Gildi samningsins verður því ekki hnekkt, eða krafa áfrýjanda um sýknun í málinu af þessari ástæðu tekin til greina.

Það er sannað í málinu, að Friðrik Jónsson hafi, er hann kom að Brattholti 1. sept. 1912, boðið fram fossleiguna 750 kr., en dóttir áfrýjanda, sem eigi var heima, neitaði að taka við henni, að því er ætla verður með samþykki eða i umboði hans. En það skiftir hér engu, þó að leiguupphæðin væri eigi talin fram, úr því að neitað var að taka við henni. Það verður því að líta svo á, að framboð hafi verið gjört rjettum hlutaðeiganda á rjettum stað og réttum tíma. Áfrýjandi vissi að leigan átti að greiðast á heimili hans þennan dag, og átti hann þá eigi að láta standa á sér, að taka við henni eða fela öðrum umboð til þess; stefndi átti því eigi sök á því, að greiðslan fórst fyrir hinn tiltekna dag, og verður það eigi talið samningsrof af hans hendi.

Í samningnum er það ótiltekið, hvernig leigan eigi að skiftast milli leigjenda, og þar er eigi áskilið, að leigan skuli óskift greidd í senn þeim báðum saman. Eigandi Hamarsholts hefir tekið við helmingi leigunnar athugasemdalaust, sem sínum hluta, og áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á, að honum beri að sínum hluta meir en helmingur hinnar umsömdu leigu. Framboð það, er gert var af hálfu stefnda, verður því einnig að því er snertir upphæð hinnar framboðnu leigu að teljast löglegt, enda var því eigi

við borið af hálfu áfrýjanda að upphæðin væri ónóg, er hann neitaði að taka við henni.

Ennfremur hefir áfrýjandi haldið því fram, að honum hafi verið ókunnugt um framsalið, og hafi hann því talið samninginn stefnda óviðkomandi. En þar sem samningurinn var framseljanlegur, mátti áfrýjandi búast við, að annar leigutaki kæmi í stað þess, er hann samdi við, og var honum eigi heimilt að visa þeim leigutaka á bug; hann varð og að gera ráð fyrir, að leigan væri framboðin af hálfu þess eins, er leiguréttinn hafði öðlast eftir samningnum, og það sést eigi af málfærslunni að áfrýjandi hafi vefengt framsalið eða haft orð á því við Friðrik Jónsson, að sjer væri ókunnugt um það, enda verður að telja víst, að Friðrik hefði skýrt áfrýjanda frá framsalinu, ef hann hefði af þessum ástæðum neitað að taka við leigunni.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu um efni málsins og gestarétturinn og felst á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta gestaréttardóminn með þeirri breytingu eftir kröfu stefnda að í staðinn fyrir ártalið 1912 í niðurlagi dómsins komi ártalið 1909.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að í staðinn fyrir »1912« í niðurlagi dóms-

ins komi »1909«. Áfrýjandi Tómas Tómasson greiði stefnda Sturlu Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdan málskostnað skal greiða áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudag 18. nóvember 1918.

41/1918.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
 gegn
 ráðherrum Íslands
 f. h. verzlunar landssjóðs.

D ó m u r :

Tildrög máls þessa eru þau, að niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík gjörði landsverzluninni 20000 kr. aukaútsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur síðastliðið ár. Landssjórnin neitaði að inna útsvarið af hendi. Lét þá borgarstjóri fyrir hönd bæjarstjórnar freista lögtaki fyrir útsvarinu en fógetinn synjaði bæjarstjórninni um lögtakið með úrskurði 18. maí þ. á.

Borgarstjóri skaut fógetaúrskurðinum f. h. bæjarstjórnarinnar til yfirdóms með stefnu, dags. 26. júlí þ. á. Krefst hann þess að fógetaúrskurðinum verði hrundið, að fógetanum verði gert að skyldu að láta lögtak fara fram fyrir útsvarinu og að landsstjórnin verði dæmd til að svara bæjarsjóði málskostnaði í héraði og fyrir yfirdómi.